

**Fundur félagsstjórnar þriðjudaginn 13. september kl. 10:00,
haldinn í félagsaðsöðu SLFÍ að Grensásvegi 16.**

Mættir til fundar:

Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður

Kristín Ólafsdóttir, varaformaður

Jóhanna Traustadóttir, ritari

Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri

Guðrún Elín Björnsdóttir Norðurlandsdeild vestri

Helga S. Sveinsdóttir, Suðurlandsdeild

Guðbjörg Sólveig Sigurðardóttir, Vesturlandsdeild

Hafdís Dögg Sveinbjarnardóttir, Norðurlandsdeild eystri

Viktoría Magnúsdóttir, Suðurnesjudeild

Bergdís Sveinsdóttir, Vestfjarðadeild

Stefanía Stefánsdóttir, Austfjarðadeild

Jakobína Rut Daníelsdóttir, varamaður í framkvæmdastjórn

Ólöf Jóna Friðriksdóttir varamaður í framkvæmdastjórn

Veðurteppt:

Áslaug Steinunn Kjartansdóttir, Vestmannaeyjudeild

Fundarritun:

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

Dagskrá

1. Formaður SLFÍ setti fund

2. Breyting á lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna

1. Niðurstaða þeirrar vinnu sem fram hefur farið í fjármálaráðuneytinu

3. Afmæli félagsins

1. Sagan, Félagatalið
2. Myndbandsgerð
 1. KÁG fer yfir stöðuna
3. Ráðstefnan 18. nóvember (Skráning) KÓ fer yfir stöðuna
 1. Dagskrá,
 2. Móttakan 18. nóvember
 3. Boðsgestir
4. Móttaka Reykjavíkurborgar í tilefni af afmælinu?
5. Hátíðarhöld í tilefni af afmælinu í félagsdeildum
 1. Almenn umræða (Muna að taka myndir og senda inn í blaðið)
6. Vinna við endurgerð hátíðarfána félagsins
 1. JT og JJS fara yfir stöðuna

4. Kjarasamningar

1. Stofnanasamningar
2. Vinna við bókanir með kjarasamningum
 1. KÁG, VM og GÖG fara yfir stöðuna

3. Mál sjúkraliða Brákarhlíðar, Borgarnesi.
5. **Mál hjá lögmönnum**
 1. GÖG fer yfir stöðuna
6. **Fulltrúaþingið**
 1. Ný stefna félagsins var ekki lögð fram til samþykktar á síðasta fulltrúaþingi
 1. KÁG fer yfir málið
7. **Farið yfir starfsform félagsdeilda og uppsetningu á fjárhagsáætlunum þeirra.**
 1. JJS fer yfir málið
8. **Sjúkraliðinn**
 1. GÖG gerir grein fyrir málinu
9. **Önnur mál**

Fundargerð

1. Formaður SLFÍ setti fundinn

KÁG setti fund og bauð stjórnarmenn velkomna og lét vita að Ása formaður Vestmannaeyjadeildar væri veðurteppt og kæmi um leið og færi gæfist. Fór einnig yfir og útskýrði hvers vegna fundinum var flýtt, en það var vegna þess að mikið hefur verið að gerast á vettvangi félagsins og einnig að mynd vantaði af stjórninni vegna útgáfu sögu félagsins.

2. Breyting á lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna

Farið var yfir lífeyrismál og þá stöðu sem þau mál eru í nú og hvers vegna forystumenn bandalaga opinberra starfsmanna hafi fórnað ákveðnum réttindum komandi starfsmanna/lífeyrisþega. Fram kom að BSRB, KÍ og BHM hefðu komist að samkomulagi um að skerða lífeyrisréttindi þeirra sem byrja að greiða í LSR 1. janúar 2017. Fram kom að formenn Sjúkraliðafélags Íslands, Landsambands lögreglumanna, Landsambands slökkviliðs og sjúkraflutningamanna og Tollvarðafélags Íslands hefðu verið ósammála þessum samningi og bókað gegn því að samið væri um skerðingar á lífeyrisréttindum væntanlegra félagsmanna án þess að skýrt væri hverjar kjarabætur/launaleiðréttingar yrðu. Í bókun SLFÍ kom einnig fram að ekki væri fylgt eftir ákveðnum bókunum frá 44. þingi BSRB sem vörðuðu lífeyrismál. Mikil umræða var um málið og stjórnarmenn mjög ósáttir. Stjórnarmenn óskuðu eftir að breytingarnar verði kynntar í kjarafréttum og verður það gert og einnig í blaði félagsins. Unnið var í ályktun frá stjórninni um málið og hún samþykkt.

3. Afmæli félagsins/SLFÍ

KÁG fór yfir undirbúninginn fyrir afmælið og skrif sögunnar og vinnuna við félagatalið.

- Myndbandsgerð er í gangi og verður notuð á hátíðinni. Gamlar myndir hafa verið sóttar í safn ruv og fyrirtækið Tjarnargata sem sérhæfir sig í framleiðslu auglýsinga og myndbanda mun vinna þetta áfram. Einnig verður unnið myndband með mismunandi störfum sjúkraliða og verður það einnig kynnt á hátíðinni og jafnvel notað í auglýsingar, „Sjúkraliðar hér og þar“.

- Ráðstefnan 18. nóvember verður haldin á Hótel Nordika og stendur hún yfir frá 13.00 – 17.00.
 - KÓ fór yfir drögin að dagskrá, ráðstefnustjóra og var dagskráin rædd.
 - Söngatriðið ákveðið og rætt um hvaða lög ætti að syngja.
 - Myndband verður sýnt sem hluti af dagskrá.
 - Móttaka frá 17 – 19, veitingar og viðurkenningar. KÓ fór yfir þau nöfn sem hljóta viðurkenningar.
 - Verðlaunaðir og kynntir verða heiðursfélagar sem hafa starfað innan félagsins og skilað frábæru starfi. Farið var yfir þá sem áður hafa verið heiðraðir.
 - Rætt var um að Trúnaðarmannaráð og stjórnir félagsins mæti í móttöku hjá JT að verið væri að útbúa „handout“ til dreifingar á félagsmenn í tilefni afmælisins.
- Farið var yfir gestalistann og hann uppfærður.
- JT fór yfir vinnuna við nýjan fána og sýnishorn var skoðað. Allir sammála þessari uppfærslu og ánægðir með að fá nýjan fána.

4. Kjarasamningar

- Kjarasamningar voru ræddir og farið yfir vinnuna sem verið hefur í gangi með LSH um endurnýjun stofnanasamninga. KÁG fór yfir að áhersla verði á hækkun lægstu launa í öllum stofnanasamningum frá 1. júní 2016.
- Farið var yfir áherslur við dreifingu pottanna og það samþykkt, en árið 2016 dreifist potturinn jafn á allar stofnanir, en 2017 fer allur potturinn á LSH og dreifist síðan misjafnlega 2018.
- KÁG fór yfir vinnuna við bókun 10 (barátta gegn stubbavöktum) og sagði frá könnuninni sem fór út og helstu niðurstöðum, en sagði jafnframt að vel miðaði í störfum nefndarinnar.
Fram kom að send hafi verið út könnun á allar stofnanir, en í henni var spurt um vaktir, veikindi o.fl. Niðurgreindar niðurstöður hafa ekki verið sendar á fulltrúa SLFÍ í nefndinni.
Umræða var um hvort formenn deilda geti óskað eftir upplýsingum um stöðu hvernar stofnunar varðandi starfsmannamál/mannauðsmál og voru allir sammála um að það væri sjálfsagt.
- Starfsmenntunarsjóðir SLFÍ
KÁG fór yfir stöðuna í þeirri vinnu og þeim breytingum sem eru í vændum. Komin er sjóðsstjórn og kennitölur og fl. sem þurfti að uppfærast.
- Mál sjúkraliða í Brákarhlíð. Guðbjörg fór yfir að sjúkraliðar þar hefðu mætt á boðaðann fund í maí og engin hafi mætt frá félaginu. Sjúkraliðarnir hefðu tjáð sig á stjórnarfundum Vesturlandsdeildar um óánægju sína um að fulltrúar félagsins hefðu ekki mætt þegar allt virtist í lausu lofti á Brákarhlíð. KÁG fór yfir að mistök hefðu verið gerð hjá okkur/félaginu varðandi bókun fundarins

og trúnaðarmaður var beðinn afsökunar á þessu. Fundað verður sem fyrst með sjúkraliðum á Brákarhlíð.

5. Mál hjá lögmönnum félagsins

GÖG gerði grein fyrir að búið væri að stefna stjórnendum Eirar fyrir Félagsdóm vegna rangrar launaröðunar sjúkraliða í heimahjúkrun hjá Eir.

Beðið væri eftir fyrirtöku Hæstaréttar vegna uppsagnar sjúkraliða á Suðurnesjum, en það mál tapaðist í Héraðsdómi.

Fram kom að mikil samskipti eru við lögmann félagsins vegna mikils óróa á vinnumarkaði.

6. Fulltrúaþingið

KÁG fór yfir að stefna félagsins sem unnin var í samráði við félagsstjórn fyrir fulltrúaþing á síðastliðnu vori hafi ekki verið rædd á þinginu eða borin undir atkvæði. Samþykkt að fara eftir þeirri stefnu sem var ákveðin af félagsstjórn rétt fyrir þing félagsins.

7. Farið yfir starfsform félagsdeilda og uppsettningu á fjárhagsáætlunum þeirra.

Jóna Jóhanna Sveinsdóttir (JJS) gjaldkeri SLFÍ fór yfir útsent skjal um fjárframlög til deilda og var það uppfært eftir athugasemdir frá stjórnarmönnum. Miklar umræður voru um fjárframlög til deilda, en allir sammála um að nauðsynlegt væri að hafa slíka samantekt til afhendingar og umhalds.

JJS mun senda skjalið út uppfært og það verður síðan kynnt fyrir stjórnnum deilda.

8. Útgáfa blaðs félagsins

GÖG fór yfir að októberblað Sjúkraliðans væri í fullri vinnslu og minnti stjórnarmenn á að skila sem fyrst inn þeim umfjöllunum sem koma ætti á framfæri. Fram kom að blaði mun vera að einhverju leyti tileinkað stórafmæli félagsins.

- **Önnur mál**
- KÁG fór yfir stöðu Framvegis í dag og gerði grein fyrir að framkvæmdastjóri Framvegi hefði sagt upp og væri einn af starfsmönnum Framvegis í því starfi tímabundið. Í umræðunni er að sameina Framvegis og Starfsmennt og samnýta starfskraftana þar eins og mögulegt er.
- Jakobína Rut og Helga Sveins fóru yfir að þær væru að vinna upp myndasafn og óskuðu eftir myndum frá deildum til að birta í sambandi við afmælið. Lagt var til að færa myndirnar inn á facebook síðu sjúkraliðar á Íslandi.
- GÖG fór yfir störf starfsnefndar sem vinnur að undirbúningi námskeiða fyrir stofnanasamninga.